

SFH - Samband flytenda og hljómplötuframleiðenda

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sameiginlega umsýslu höfundarréttar, mál nr. 799. Þingskjal 1260

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) eru innheimtusamtök sem stofnuð voru árið 1973 á grundvelli 47. greinar höfundalaga nr. 73/1972 og telst sameiginleg umsýslustofnun í skilningi framangreinds frumvarps. Samtökunum voru við stofnun settar samþykktir í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og jafnframt hlaut starfsemin SFH staðfestingu þess. Í samþykktum SFH er m.a. kveðið á um skiptingu tekna með aðildarfélögum samtakanna.

SFH hefur því sinnt sinni starfsemi sem Psameiginlegra umsýslustofnun í yfir 45 ár og verið með náð samstarf við norræn systursamtök og alþjóðasamtök flytjenda og framleiðenda varðandi úthlutunarreglur.

Með samþykkt framangreinds frumvarps sem nú liggur fyrir er ætlunin eins og þar er lýst að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum.


Tilfni frumvarpsins er m.a. eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu :“að bæta starfshætti rétthafasamtaka, sem teljast sameiginlegar umsýslustofnanir, með því að setja samræmdar reglur um stjórnhætti, gagnsæi starfsreglna og fjármálaskipulag þeirra. Reglurnar eiga að tryggja videigandi þátttöku rétthafa í ákvarðanaferli sameiginlegra umsýslustofnana og upplýsingaflæði til rétthafa, annarra rétthafasamtaka, þjónustuveitenda og alls almennings. Þá eiga reglurnar að tryggja að umsýsla tekna sem sameiginlegar umsýslustofnanir innheimta fyrir hönd rétthafa sé í samræmi við lög.“

Eins og fyrr segir hefur SFH átt um áratuga skeið mjög gott samstarf við sambærileg samtök erlendis og telur sig hvað starfshætti varðar vel uppfylla þau skilyrði sem talin eru upp að framan. SFH setur sig þó ekki á móti frumvarpi þessu þar sem hér þarf óneitanlega að virða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á þessu sviði.

Sú leið sem valin er með frumvarpi þessu að um sé að ræða lágmarksinnleiðingu telur SFH til bóta ella gæti viðameiri lagarammi um starfsemi slíkra umsýslusamtaka orðið mjög þungur í vöfum og aukið töluvert reksturskostnað samtakanna. Tónlistarflytjendur, framleiðendur og aðrir rétthafar á höfundaverkum bæru þá óhjákvæmilega skardan hlut frá bordi.

Seltjarnarnesi 10. 2019

F.h. SFH



Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

